

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2018


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (2. mál)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendi hinn 21. september sl. Félagi atvinnurekenda (FA) beiðni um umsögn um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald), 2. Mál, á þingskjali 2.

FA fagnar sérstaklega áformum frumvarpsins um lækkun á tryggingagjaldi fyrirtækja í tveimur áföngum árin 2019 og 2020. Félagið telur að of hægt hafi verið farið í lækkun tryggingagjaldsins, sem var hækkað mikið vegna aukins atvinnuleysis eftir hrún.

Félagið getur tekið undir allt það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um að tryggingagjaldið sé íþyngjandi, ekki sízt fyrir minni og meðalstór fyrirtæki, að forsendurnar fyrir álagningu svo háls gjalds séu brostnar vegna minnkandi atvinnuleysi, og að það skekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja við erlend. Í því ljósi kemur hins vegar á óvart að ekki sé farið hraðar í lækkun gjaldsins.

Eins og sést á neðangreindri mynd mun, þrátt fyrir að ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga, vanta verulega upp á að tryggingagjaldið verði sama hlutfall af launagreiðslum og það var fyrir bankahrunið.




Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að lækkun tryggingagjaldsins ætti að skapa fyrirtækjum aukið svigrúm í komandi kjarasamningum og liðka fyrir samningaviðræðum. Í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2019 kemur ennfremur fram að lækkuninni sé ætlað að „stuðla að jafnvægi á vinnumarkaði og að launahækkanir á næsta ári leiði síður til verðbólgu.“

Það er mat Félags atvinnurekenda að eigi lækkunin að þjóna þessum tilgangi þurfi hún að vera mun meiri en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Eðlilegast er að miða við að þessi skattheimta verði ekki meiri en hún var fyrir bankahrunið, þegar atvinnustig var sambærilegt og nú.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum við frumvarpið á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið að funda um efnið, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri

23.11.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 2. mál á 149. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019

Hagsmunasamtök heimilanna taka almennt ekki sérstaka afstöðu til fjárlaga eða skattamála nema að því leyti sem einstök efnisatriði þeirra kunna að snerta málefnasvið samtakanna. Að svo stöddu eru því ekki gerðar sérstakar athugasemdir við efni þess frumvarps sem hér um ræðir. Aftur á móti vilja samtökin nota þetta tækifæri til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Eins og alkunnugt er kvað Hæstiréttur Íslands árið 2010 upp dóma sem staðfestu að gengistrygging lánsfjár væri ólögmet samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í kjölfarið féll svo dómur í máli nr. 471/2010 þar sem kveðið var á um að við endurútreikning slíks láns skyldi miða við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með hliðsjón af þeim dómi og á grundvelli laga nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001, voru tugþúsundir slíkra lána endurreiknuð og leiðrétt. Í þeim tilfellum sem þau lán höfðu verið greidd upp og endurútreikningar sýndu að lántakendur ættu inneign hjá lánveitanda vegna ofgreiðslu af lánunum, voru þær fjárhæðir í flestum tilvikum endurgreiddar til lántakenda með vöxtum samkvæmt sömu lagaákvæðum. Þar sem vextir teljast almennt til skattskyldra fjármagnstekna var samhliða þessu jafnframt girt fyrir það með ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt sbr. c-lið 6. gr. laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem kveðið var á um að slíkir inneignarvextir skyldu ekki teljast til fjármagnstekna, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum aðeins árin 2010 og 2011.

Þann 15. febrúar 2012 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli nr. 600/2011, og fleiri dóma í kjölfar þess, þar sem mótast hefur svokölluð fullnaðarkvittanaregla um endurútreikning gengistryggðra lána. Á grundvelli þeirrar reglu hefur þurft að leiðrétta fyrri endurútreikninga slíkra lána, sem hefur í fjölda tilfella leitt til enn frekari lækkunar eftirstöðva þeirra, eða leitt í ljós frekari inneign vegna ofgreiðslna af lánunum sem höfðu þegar verið greidd upp að fullu. Í kjölfarið hafa slíkar inneignir í mörgum tilvikum einnig verið endurgreiddar, með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Vegna ýmissa tafa sem orðið hafa á leiðréttingum endurútreikninga af hálfu lánveitanda, hafa lántakendur þó í fjölda tilfella þurft að bíða lengur en góðu hófi gegnir eftir leiðréttu uppgjöri og eftir atvikum endurgreiðslum. Þar sem fyrningartími slíkra uppgjörskrafna var ákvarðaður til fjögurra ára frá 16. júní 2010 með ákvæði XIV til bráðabirgða við lög nr. 38/2001 sbr. 2. gr. laga nr. 151/2001, þótti nauðsynlegt að lengja þann fyrningartíma í átta ár með breytingu samkvæmt lögum nr. 38/2014. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga var sú breyting rökstudd með vísan til framangreindra atvika auk upplýsinga um mikinn fjölda ágreiningsmála sem væru enn til meðferðar hjá dómstólum, sem bentu til þess að réttaróvissa tengd gengistryggðum lánunum væri alls ekki úr sögunni.

Eins og að framan var rakið, hafa endurútreikningar og uppgjör vegna gengistryggðra lána, tafist langt umfram það sem virðist hafa verið búist við þegar mótuð var stefna um viðbrögð af hálfu stjórnvalda við þeim aðstæðum sem sköpuðust í kjölfar dóma um ólögmæti gengistryggingar. Vegna þeirra umbreytinga sem hafa orðið á fjármálakerfinu á undanförunum árum, þar sem heilu lánasöfnin hafa jafnvel ítrekað verið færð milli fjármálafyrirtækja, hafa slíkir endurútreikningar tafist svo árum skiptir í einhverjum tilfellum. Hagsmunasamtökum heimilanna er til að mynda kunnugt um tilvik þar sem félagsmenn í samtökunum hafa ekki enn fengið leiðréttan endurútreikning gengistryggðra lána, og jafnvel verið neitað um það af hálfu fjármálafyrirtækja. Jafnframt er fjöldi ágreiningsmála um slík lán enn til meðferðar hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, eða dómstólum eins og hægt er að sjá á vefsíðum þeirra. Það er því óheppilegt að gildistími ákvæðis XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, skuli hafa runnið út án þess að vera framlengdur, og að því er virðist án nokkurrar umræðu eða endurskoðunar. Auk þess stendur það í beinu ósamræmi við breytingar á lögum nr. 38/2001 sem framlengdu fyrningu slíkra uppgjörskrafna til ársins 2018.


Í úrskurði yfirséttanefndar nr. 239/2016 var fjallað um mál einstaklinga vegna gjaldársins 2014, þar sem Ríkisskattstjóri sakaði þá um að hafa vantalið fram sem fjármagnstekjur, vexti sem fjármálafyrirtæki hafði reiknað á endurgreiðslu vegna leiðréttingar á gengistryggðu láni sem hafði verið greitt upp að fullu og umfram það í desember 2011. Yfirséttanefnd staðfesti ákvörðunina sem þýðir að kærendum verður að óbreyttu gert að greiða 20% fjármagnstekjuskatt af vöxtum á endurgreiðslu fjárhæða sem þau voru í raun hlunnfarin um á grundvelli ólöglegra skilmála í lánasamningum sem fjármálafyrirtæki útbjuggu þrátt fyrir að vera kunnugt um ólögmæti þeirra, og sem þau frömdu með þessu vísvitandi lögbrot gegn tugþúsundum neytenda.

Þessi niðurstaða er gjörsamlega óásættanleg og fer þvert gegn öllu velsæmi. Fjármagnstekjuskattur er í eðli sínu skattur á hagnað af fjárfestingum, en í þessu tilviki var ekki um fjárfestingu að ræða heldur lántöku, og fer slík skattheimta því þvert gegn tilgangi skattsins. Auk þess er í raun enginn hagnaður til að skattleggja, þar sem aðeins er um að ræða endurheimtur þýfis, með sanngjörnum bótum fyrir þann tíma sem hinn brotlegi aðili hafði það undir höndum til eigin afnota. Jafnframt er með öllu óviðeigandi að ríkissjóður skuli geta hagnast á lögbrotum með því að skerða réttmætar endurheimtur brotþola, í brotaflokki sem hefur valdið þjóðinni fordæmalausum búsifjum. Enn fremur brýtur það í bága við almenn jafnræðissjónarmið að mismuna þolendum slíkra brota, á grundvelli þess eins að í sumum tilfellum hafi hinir brotlegu dregið það úr hófi fram að skila þýfinu.


Hagsmunasamtök heimilanna skora hér með á efnahags- og viðskiptanefnd, og Alþingismenn alla, að taka höndum saman um að fella orðin “á árunum 2010 og 2011” brott úr ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Engin ástæða er til þess að slíkt ákvæði sé tímabundið, þar sem sú takmörkun skapar réttaróreiðu og brenglaða hvata eins og hér hefur nú verið rakið. Jafnframt er nauðsynlegt að kveða á um endurgreiðslu til einstaklinga sem kunna nú þegar að hafa verið krafðir um skatta að ófyrirsynju vegna þeirra mistaka sem urðu við lagasetninguna árið 2010.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

149. löggjafarþing 2018–2019.

skjal ____ — 2. mál.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald).

Frá Hagsmunasamtökum heimilanna

Á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XL í lögunum:

a. Orðin „á árunum 2010 og 2011” í 1. málsl. falla brott.

b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málslíður, svohljóðandi:

Hafi fjármagnstekjuskattur verið lagður á inneignarvexti skuldara skal endurgreiða það fé sem þannig hefur verið innheimt samkvæmt ákvæðum laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Athugasemdir við breytingartillögu þessa.

Tilgangur breytingartillögu þessarar er sá að leiðrétta mistök sem virðast hafa átt sér stað við setningu laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nánar tiltekið í c-lið 6. gr. þeirra laga. Með ákvæðinu var nýju ákvæði XL til bráðabirgða bætt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands árið 2010 um ólögmati gengistryggingar lánsfjár. Samkvæmt ákvæðinu var gert ráð fyrir því að vextir sem ákvarðaðir yrðu á inneign skuldara vegna ofgreiðslu af gengistryggðu láni skyldu ekki teljast til skattskyldra fjármagnstekna, og þar af leiðandi verða undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Af einhverjum ástæðum var gildistími ákvæðisins þó einskorðaður við tekjuárin 2010 og 2011, en eftir það hafa fallið fleiri dómur sem leitt hafa til enn frekari leiðréttinga og lækkunar eftirstöðva eða endurgreiðslu til skuldara og vegna þess hafa margvíslegar tafir orðið á endanlegu uppgjöri slíkra mála í sumum tilfellum. Jafnframt eru enn óleyst ýmis álitaefni er varða uppgjör gengisbundinna lána, og eru fjölmörg ágreiningsmál þar að lútandi enn til meðferðar hjá dómstólum og úrskurðarnefndum á stjórnarsýslustigi. Af þeim sökum var fyrmingartími slíkra uppgjörskrafna framlengdur til átta ára frá 16. júní 2010 talið, með lögum nr. 38/2014 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Svo gætt sé samræmis og jafnræðis gagnvart skattgreiðendum er því nauðsynlegt að framlengja gildistíma umrædds ákvæðis um undanþágu vaxta af slíkum uppgjörskröfum frá fjármagnstekjuskatti. Hér er því lagt til að takmörkun á gildistíma ákvæðisins verði felld niður og það verði þess í stað ótímabundið, enda er engin ástæða til slíkrar takmörkunar og heldur ekki útséð með hvenær uppgjöri allra slíkra mála muni verða endanlega lokið. Þá er einnig lagt til að í þeim tilvikum sem vextir af slíkum uppgjörskröfum hafi verið skattlagðir frá lokum upphaflegs gildistíma ákvæðisins, verði það leiðrétt með endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.



LEB
Landssamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 9.október 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald)

Þingskjal 2-2.mál

Landssamband eldri borgara leggur áherslu á að það verði fest í lögum að greiðslur frá Almannatryggingum miðist ávallt við þróun launavísitölu.

Landssamband eldri borgara telur nauðsynlegt til að tryggja betur hag þeirra lægst launuðu að persónuafsláttur verði hækkaður verulega á lægstu laun en fjari smám saman út eftir því sem tekjur hækka.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2018
R2018090017/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald) - 2. mál, þskj. 2.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. september 2018 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á fjárhæðum, hlutföllum og forsendum fyrir útreikningi einstakra þátta, s.s. fjárhæðarmarkna tekjuskattsstofns, og tekur ríkisskattstjóri ekki afstöðu til slíkra breytinga.

Embættið telur þó tilefni til að vekja athygli á b-lið 2. gr. frumvarpsins er lýtur að þrepaskiptingu tekjuskerðingar á barnabótum. Ljóst er að verði breyting þessi að lögum kallar það á töluverða uppstokkun á útreikningi barnabóta með tilheyrandi kostnaði. Varlega má áætla að vinna við slíka breytingu taki ekki minna en 200 klst. sem mest megnis er aðkeypt vinna hjá ríkisskattstjóra. Ekki verður séð að gert sé ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárframlögum til embættisins.


Jafnframt bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að til viðbótar almennum barnabótum skuli eftir sem áður greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skuli þær árlega nema 140.000 kr. í stað 133.300 kr. áður, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins. Núgildandi ákvæði um viðbótar barnabætur vegna ungra barna hljóðar svo, sbr. 6. og 7. málsl. 4. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

„Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Skulu þær árlega nema 133.300 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% með hverju barni.“


Ljóst er að skerðing sú sem vísað er til í framangreindum málsliðum 4. mgr. A-liðar 68. gr. tekjuskattslaga tekur nú mið af þeim fjárhæðum sem fram koma í 3. málsl. ákvæðisins, þ.e. án þeirrar þrepaskiptingar sem lögð er til í frumvarpinu. Ríkisskattstjóri telur að taka þurfi skýrt fram í þessum efnum við hvaða fjárhæðir skuli miða útreikning á 4% skerðingu viðbótar barnabóta vegna ungra barna. Af því sem fram kemur í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins má leiða að því líkur að átt sé við að skerðingin reiknist af lægra þrepi þeirra skerðingarfjárhæða sem lagðar eru til að skerðing almennra barnabóta miðist við, sbr. það sem þar segir: „... en skerðingarhlutfall verði áfram 4% óháð tekjum.“ Ríkisskattstjóri leggur til að tekið verði skýrt fram í lagaákvæðinu sjálfu að barnabætur vegna ungra barna muni skerðast um 4% af tekjuskattsstofni umfram 3,6 millj. kr. á ári hjá einstæðu foreldri og 7,2 millj. kr. hjá hjónum.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Elín Alma Arthursdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. október 2018

Mál: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019 og frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019, 2. og 3. mál.

Ofangreind frumvörp hafa að geyma tillögur um breytingar á lögum til að uppfylla forsendur fjárlagafrumvarpsins sem hafa áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Samtök atvinnulífsins hafa í umsögn sinni um fjárlagafrumvarpið lýst yfir áhyggjum af útgjaldaaukningu frumvarpsins og óvissa um forsendur á tekjuhlið þess. Samtökin benda á að þrátt fyrir árangur við greiðslu skulda sem geri stjórnvöld betur í stakk búin til að takast á við áföll en ella þá séu skattstofnar þandir og því ekki sama svigrúm til tekjuaukningar og í síðustu niðursveiflu í efnahagslífinu. Samtökin vísa til þeirrar umsagnar í meðferð ofangreindra mála fyrir efnahags- og viðskiptanefnd en vilja jafnframt leyfa sér að fjalla sérstaklega um neðangreind atriði:

Um tryggingagjaldið

Tryggingagjald í heild var 5,19% fyrir hrunið 2008, þar af var almennt tryggingagjald 4,54% og atvinnutryggingagjald 0,65%. Vegna vaxandi atvinnuleysis á árunum 2009 og 2010 var atvinnutryggingagjaldið hækkað í 3,81% og varð tryggingagjaldið í heild hæst 8,35% árið 2011. Þegar atvinnuleysi tók að minnka og atvinnutryggingagjald lækkaði í samræmi við reglu laganna var almenna tryggingagjaldið hækkað. Nú á árinu 2018 er tryggingagjaldið í heild 6,85% og þar af er almenna tryggingagjaldið 5,40% og atvinnutryggingagjaldið 1,35%. Það hefur því lækkað um 1,5% frá því sem það var. Atvinnulífið telur sig því enn eiga inni rúmlega 1% lækkun tryggingagjalds.

Fyrirhuguð lækkun á tryggingagjaldi ræða fyrsta skref í síðbúnum efdum á handsali stjórnvalda og Samtaka atvinnulífsins um lækkun þess í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2016. Fyrsti áfanginn kom til framkvæmda um mitt ár 2016, 0,5% lækkun, og var fyrirhuguð sama hlutfallslækkun 2017 og 2018 að gefnum forsendum um lækkun skulda ríkisins. Þannig yrði gjaldið komið nálægt því sem það var fyrir efnahagshrunið 2008. Þá hefur ítrekað komið fram þverpólitískur vilji til lækkunar tryggingagjaldsins.

Þá vilja samtökin áréttu athugasemdir í umsögn og viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur (167. mál) á síðasta þingi en þar gerðu samtökin athugasemd við breytingu á ráðstöfun tryggingagjalds vegna stefnumörkunar hins opinbera í tengslum við lög um opinber fjármál. Var m.a. bent á að tryggingagjald væri markaður tekjustofn sem ætti rætur sínar að rekja til samninga aðila vinnumarkaðarins og væri ígildi iðgjalda og því mikilvægt að ekki kæmi til röskunar á samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um verkefni sem samið hefur verið um í kjarasamningum á grundvelli þríhliða samstarfs.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 60/2012 og þjónustusamning milli velferðarráðuneytisins og VIRK um að framlög til VIRK skuli nema 0,05% af áætluðum gjaldstofni tryggingagjalds fyrir árið 2018, er ekki byggt á þeim forsendum í fjárlagafrumvarpi 2019. Framlagið ætti að nema 812,5 m.kr. en er 739,5 m.kr. í frumvarpinu. Samtök atvinnulífsins fara fram á að þessi fjárhæð verði endurskoðuð í samræmi við samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um fjármögnun starfsemi VIRK.

Þá er óhjákvæmilegt að minna á samkomulag stjórnvalda og Samtaka atvinnulífsins (n.t.t. forvera þeirra, VSÍ) um fjármögnun Staðlaráðs. Í því fólst að stofnuninni voru tryggðar tekjur á fjárlögum með mörkun tekjustofns við hlutdeild í tryggingagjaldi (sbr. lög 156/1996). Í 7. gr. laga um staðla og Staðlaráð Íslands segir: „Til að standa straum af starfsemi Staðlaráðs Íslands rennur hluti af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, til Staðlaráðs Íslands.“ Samsvarandi ákvæði var í 3. gr. laga um tryggingagjald á árunum 1997-2011 þar til það var felld niður árið 2012. Væri ákvæðið enn í gildi hefði framlag til Staðlaráðs 104,5 m.kr. á árinu 2018 en var þess í stað 63. m.kr. Staðlaráð hefur þurft að draga úr starfsemi sinni undanfarin ár vegna skertra fjárframlaga en starfsemi þess er nauðsynleg og þjóðhagslega arðbær enda fer notkun staðla vaxandi og er víða forsenda fyrir samkeppnishæfni og aðgangi að mörkuðum.

Kolefnisgjaldið

Í umsögn SA um fjárlagafrumvarpið er bent á að kolefnisgjaldið sé tekjulind fyrir ríkissjóð, eins og hver annar skattur, þótt það sé lagt á undir því yfirskyni að um sé að ræða aðgerð í loftslagsmálum. Mikilvægt sé að svokallaðir grænir skattar séu lagðir á í samhengi við og samhliða lækkun á gjöldum vegna umhverfisvænnar starfsemi þannig að ekki sé um hreina skattahækkun að ræða. Gjaldið hefur tvöfaldast á fyrir fáeinum árum og skilar ríkissjóði verulegum tekjum án þess að það liggi fyrir með hvaða hætti ívilnanir hafi verið veittar á móti.

Fjárhæðamörk tekjuskattsstofns

Samkvæmt gildandi lögum skulu fjárhæðamörk milli neðra og efra þreps tekjuskattsstofns taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils. Í frumvarpinu kemur fram að ólík uppfærsla hafi leitt til bjögunar á skattbyrði tekjuskattsins miðað við

persónuafsláttinn sem er uppfærður samkvæmt vísitölu neysluverðs. Samtökin benda á að yfir lengri tíma vex kaupmáttur umfram verðlag og því eðlilegt að taka tillit til þess. Á Norðurlöndunum er með einum eða öðrum hætti tekið tillit til launabreytinga við ákvörðun skattþrepa enda er að öðrum kosti verður til sjálfvirk skattahækkun sem ekki er hluti pólitískrar stefnumótunar.

Virðingarfyllst,

Berglára Halldórsdóttir




9. október 2018
Tilv. 1809068


Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. september 2018 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald), 2. mál.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra greina frumvarpsins heldur horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármálanna sem felst í frumvarpi til fjárlaga og tengdum frumvörpum. Unnið er að þeirri greiningu. Í Peningamálum 2018/4 sem gefin verða út 7. nóvember n.k. mun bankinn fjalla um fjárlagafrumvarpið og tengd frumvörp og birta mat sitt á aðhaldsstigi ríkisfjármálanna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Sigurðardóttir
aðstoðarseðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 - 101 REYKJAVÍK

SÍMI 569 9600 NETFANG seðlabanki@seðlabanki.is BRÉFASÍMI 569 9605

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2018

Efni: Ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga 2019 (Mál nr. 2)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga. Ráðið hefur áður skilað inn umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019 sem finna má á vef Viðskiptaráðs.¹ Við frumvarp þetta vill Viðskiptaráð gera eftirfarandi athugasemdir.

- Heildstæð endurskoðun á tekju- og bótakerfinu með einfaldleika að markmiði er jákvæð
- Endurskoða þarf innbyggða skattahækkun í tekjuskattkerfinu
- Vaxtabætur ber að afnema og á móti á að lækka skattbyrði með öðrum hætti
- Lækkun tryggingagjalds er jákvæð en gjaldið þarf að lækka enn meira

Almennt um breytingar á tekjuskatti einstaklinga og bótakerfum

Viðskiptaráð er fylgjandi því að taka tekju- og bótakerfi til heildstæðrar endurskoðunar. Að mati ráðsins á einfaldleiki kerfis, skilvirk skattheimta og lækkun jaðarskatta að vera leiðarljósið í þeirri endurskoðun. Núverandi kerfi nær ekki að uppfylla þau skilyrði nægilega vel og því ætti að horfa til tillagna í anda þeirra sem Samráðsvettvangur um aukna hagsæld lagði til árið 2016.² Viðskiptaráð er reiðubúið að taka þátt í þeirri vinnu.

Innbyggðar skattahækkanir í tekjuskattkerfinu

Í frumvarpinu er lagt til að persónuafsláttur hækki um 1 prósentustig umfram lögbundna hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem Viðskiptaráð telur skynsamlega ráðstöfun. Hins vegar vill ráðið benda á að í núverandi tekjuskattkerfi hækkar skattbyrði samhliða kaupmáttarhækkunum.³ Ef laun myndu hækka t.a.m. um 4% árlega en persónuafsláttur fylgir 2,5% verðbólgu frá 2018-2030 mun skattbyrðin verða 1,7 prósentustigum hærrí í lok tímabilsins heldur en í upphafi þess (mynd 1).

Eðlilegt er að þessi innbyggða skattahækkunarskekkja verði tekin til endurskoðunar. Breytingar á kerfinu mætti til dæmis útfæra með annað hvort því að láta persónuafslátt fylgja langtímalaunaþróun eða að tekjuskattshlutfallið lækkaði með kerfisbundnum hætti á móti lægra hlutfalli persónuafsláttar af launum.


¹ Sjá [umsögn Viðskiptaráðs um frumvarp til fjárlaga](#)

² Sjá frá og með bls. 22 í [tillögum verkefnastjórnar](#)

³ Skattbyrði er hér skilgreind sem hlutfall staðgreiðslu af umsömdum launum þ.e. vaxta- og barnabætur eru ekki teknar inn í reikninginn.

Mynd 1

Þegar laun hækka hraðar en persónuafsláttur hækka skattar sjálfkrafa¹ Sviðsmynd, þúsundir króna, prósent af launum



¹ Sviðsmyndin gerir ráð fyrir 500.000 króna launum árið 2018 sem hækka um 4% á ári og að persónuafsláttur hækki í takti við verðlag eða um 2,5% á ári. ² Staðgreiðsla táknar raunstaðgreiðsluhlutfall þegar tekið hefur verið tillit til lífeyrisgreiðslna og persónuafsláttar.

Heimildir: Ríkisskattstjóri, útreikningar Viðskiptaráðs.

Eru vaxtabætur verstu bætunar?

Í frumvarpinu eru viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta hækkaðar. Viðskiptaráð sýnir því skilning þar sem framtíðarfrýrkomulag tekjuskatts og bótakerfa hefur ekki verið ákveðið. Líkt og Samráðsvettvangurinn gerði í fyrrnefndri skýrslu leggur Viðskiptaráð þó til að vaxtabætur verði lagðar niður og að skattbyrði sé þess í stað lækkuð með öðrum hætti.

Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi eru aðgerðir sem styðja við eftirspurnarhlið húsnæðismarkaðsins til þess fallnar að hækka íbúða- og/eða leiguverð, sem til skemmri tíma gerir lítið annað en að hækka verð og auka sveiflur til lengri tíma. Mun markvissara og hagkvæmara er að styðja við framboðshlið markaðarins eins og fjallað er um í umsögn ráðsins um frumvarp til fjárlaga. Í öðru lagi bendir greining Íbúðalánasjóðs á að vaxtabætur nái „*vart því hlutverki að stuðla að húsnæðisöryggi landsmanna miðað við núverandi aðstæður*“. Í þriðja lagi hafa vaxtabætur tilhneigingu til þess að hækka vaxtastig þar sem í því felst niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði. Í fjórða lagi skapa bætunar hvata til skuldsetningar, en of mikil skuldsetning getur ógnað fjármálastöðugleika eins og dæmin sýna glögglega.

Loks má benda á að nýleg rannsókn í einu virtasta hagfræðiriti heims bendir til þess að afnám vaxtabóta í Bandaríkjunum myndi lækka húsnæðisverð, fjölga íbúðaeigendum, lækka skuldir og auka velferð.⁴ Ekki er ástæða til að ætla að niðurstaðan hér á landi væri mjög frábrugðin og því má spyrja hvort vaxtabætur séu verstu bætunar.

⁴ Sommer, K., & Sullivan, P. (2018). [Implications of US tax policy for house prices, rents, and homeownership](#). American Economic Review, 108(2), 241-74.

Tryggingagjald lækkað – góðar fréttir og slæmar fréttir

Lækkun tryggingagjalds um 0,25 prósentustig er fagnaðarefni að mati Viðskiptaráðs en ráðið hefði þó viljað sjá talsvert meiri lækkun vegna annmarka tryggingagjaldsins. Í fyrsta lagi má nefna að ráðið hefur um langa hríð bent á að hækkun tryggingagjalds í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hafi ekki verið dregin til baka nema að litlum hluta. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu munu um 2/3 af tekjum ríkissjóðs af gjaldinu renna til lífeyrstrygginga sem samsvarar því að lífeyrisgreiðslur launþega vegna tryggingagjaldsins séu nú um 4,4% af launum til viðbótar þeim 15,5% sem atvinnurekandi og launþegi greiða nú þegar.

Víkur þá að öðrum annmarka tryggingagjaldsins en stofn þess er samtala lífeyrisgreiðslna og launagreiðslna. Má því líta svo á að tryggingagjaldið sé að nokkrum hluta lífeyrisgreiðslur af lífeyrisgreiðslum og þannig séu atvinnurekendur og launafólk að nokkru marki að tvígreiða fyrir lífeyrstryggingu.

Ennfremur hafa lífeyrisgreiðslur á almenna vinnumarkaðnum hækkað úr 12% af launum í 15,5% frá 2015 en um leið hefur stofn tryggingagjaldsins hækkað um það sem því nemur. Með því skapaðist dauðafæri fyrir stjórnvöld til þess að skila lækkun tryggingagjaldsins að fullu en það var þó ekki gert.

Loks er tryggingagjaldið í eðli sínu skattur sem leggst þyngst á minni fyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki vegna þess hve launagreiðslur eru hátt hlutfall af virðisaukanum sem skapast í þeirra starfsemi. Að meðaltali var launakostnaður um 60% af virðisauka í viðskiptahagkerfinu árið 2016 en 68% í tækni- og hugverkaiðnaði og 71-73% hjá fyrirtækjum með 5-49 starfsmenn (mynd 2). Í umsögn Viðskiptaráðs um fjárlagafrumvarp var lýst furðu á því að fjárframlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina myndu lækka um 2,6% án þess að t.d. skattar væru lækkaðir. Enn meiri lækkun tryggingagjalds væri gott svar við því.

Mynd 2

Á hvernig fyrirtæki leggst tryggingagjaldið þyngst? Launakostnaður sem hlutfall af virðisauka¹



¹ Launakostnaður sem hlutfall af vinnsluvirði. Gögn um fyrirtækjahópa frá 2016 en um fyrirtæki eftir starfsmannafjölda frá 2014. ² Að undanskilinni lyfjaframleiðslu, fjármála- og váttryggingastarfsemi

Af framangreindum ástæðum mælir Viðskiptaráð eindregið með því tryggingagjaldið verði endurskoðað til frekari lækkunar í meðferð þingsins.

Viðskiptaráð leggur til að þau gögn, athugasemdir, tillögur og ábendingar sem hér fram koma verði höfð að leiðarljósi við breytingar á frumvarpinu sem og almennt í stefnumótun ríkisfjármála. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.10.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019. Þingskjal 2 – 2. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019.

Barnabætur (um 2. gr.)

Barnabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barnafjölskyldna og þar á meðal í lífi örorkulífeyrisþega með börn. Tilgangur barnabóta er að tryggja öllum börnum skilyrði til eðlilegs lífs. Rannsóknir hafa sýnt að þúsundir barna á Íslandi búa við skort. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessum börnum og verður löggjafinn því að grípa til markvissra aðgerða sem skila árangri í baráttunni gegn fátækt. Því er jákvætt skref að hækka viðmiðunarfjárhæðir barnabóta úr 2.900.000 kr. árstekjum hjá einstæðum foreldrum í 3.600.000 kr. og úr 5.800.000 kr. í 7.200.000 kr. hjá hjónum og sambýlisfólki. Örorkulífeyrisþegi, einstætt foreldri með eitt barn á framfæri og eingöngu lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu fengi á næsta greiddar nær óskertar barnabætur, sem verða rúmum 36.000 kr. hærri en á síðasta ári.

Hækkunin er jákvæð, en breytir þó ekki þeirri staðreynd að barnabætur hér á landi eru enn mjög lágtekjumiðaðar. Vakin er athygli á því að í fylgiriti með frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til barnabóta verði óbreytt árin 2020 og 2021. Það getur ekki staðist.

Vaxtabætur (um 3. gr.)

Vaxtabætur hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir alla þá sem greiða af húsnæðislánnum. Vaxtabyrði er of mikil hér á landi. Mjög mikilvægt er að tekjulágir einstaklingar fái greiddar vaxtabætur til að geta frekar ráðið við greiðslu húsnæðislána. Það er því miður ekki raunin. Sökum þess að eignastofnar fyrir útreikning vaxtabóta eru lágir og hafa verið svo til óbreyttir í næstum áratug, hafa fjölmargir tekjulágir einstaklingar ekki fengið greiddar vaxtabætur undanfarin ár. Fasteignamat hefur hækkað verulega síðustu ár og því teljast þessir einstaklingar ekki skulda nægilega mikið í eigninni sinni enda þótt ekki hafi létt á vaxtabyrðinni. Einstaklingar með heildarárstekjur jafnvel undir 3.600.000 kr. eru ekki að fá greiddar vaxtabætur þrátt fyrir að greiða meira en 30% af ráðstöfunartekjum sínum í vexti af húsnæðislánnum og þá

er eftir annar tilfallandi kostnaður vegna reksturs húsnæðis. Eigið fé í fasteign skiptir í raun ekki máli ef ráðstöfunarfé stendur ekki undir framfærslu. Húsnæðisstuðningur þarf fyrst og fremst að taka mið af tekjum fólks. Þetta er þess valdandi að tekjulágir einstaklingar missa eigið húsnæði og færast yfir á leigumarkaðinn, þar sem leiguverð er enn hærra en afborganir af eigin húsnæði.

Við þessu verður ríkisvaldið að bregðast með markvissum aðgerðum. Í frumvarpinu er lagt til að útreikningsreglur vaxtakerfisins verði óbreyttar, sem er mjög miður. Ætlunin er að hækka nettóeignarmörk bótanna um 10% Ætlunin er að framlög til vaxtabóta muni lækka um 600 milljónir kr. árið 2019. Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun næstu árin og að framlög til vaxtabóta verði komin niður í rúma 3,5 milljarða kr. árið 2020 en þau voru rúmlega 6 milljarðar kr. árið 2017 og tæpir 12 milljarðar kr. árið 2010.

Hækka þarf eignastofna verulega. Eignastofn til skerðingar er í dag m.v. 4,5 milljónir króna hjá einstaklingi og 7,3 milljónir króna hjá hjónum en var árið 2010 (vegna ársins 2009) rúmlega 7,1 milljón króna hjá einstaklingi og tæplega 11,4 milljónir fyrir hjón/sambýlisfólk. Þá fellur réttur til vaxtabóta niður við nettóeign upp á 7,2 milljónir króna hjá einstaklingi en tæplega 11,7 milljónir króna hjá hjónum/sambýlisfólki. Þessi mörk miðuðust við tæplega 11,4 milljónir króna hjá einstaklingi og rúmlega 18,2 milljónir króna hjá hjónum fyrir árið 2009. Á sama tíma hefur fasteignaverð u.þ.b. tvöfaldast.

Enn fremur þarf að hækka tekjuviðmið, en vaxtabætur til einstaklings með 4.000.000 kr. árstekjur, skerðast um 340.000 kr. vegna tekna. Það er veruleg skerðing af ekki hærri tekjum og ekki er að sjá að nokkra breytingu eigi að gera þar á. Hefur tekjutenging vaxtabóta aukist og er í dag 8,5% af tekjum dregið af vaxtagjöldum við útreikning en var 6% fyrir árið 2009.

Tillögur um breytingar:

Lagt er til að reiknað verði út hversu mikið fasteignamat hefur hækkað frá árinu 2009 og eignamörkin uppfærast í samræmi við þá hækkun.

Þá er einnig lagt til að lögfest verði að eignastofn fyrir vaxtabætur hækki árlega í samræmi við þróun fasteignamats.

Ennfremur er lagt til að endurskoðuð verði sú framkvæmd sem er á ákvörðun vaxtabóta sem verið hefur við lýði frá setningu laga nr. 164/2010 en síðan þá hefur ákvörðun um vaxtabætur verið í formi breytinga á bráðabirgðaákvæði LXI í tekjuskattslögum.

Breytingar persónuafslætti (um 4. gr.).

Samkvæmt frumvarpinu á að hækka persónuafslátt um 1% til viðbótar við lögbundna hækkun í samræmi við vísitölu neysluverðs. Þessi 1% hækkun þýðir í raun að persónuafslátturinn hækkar um aðeins 539 kr. á mánuði umfram vísitölu. Árið 2018 greiða lífeyrisþega skatt af tekjum yfir 145.945 kr. á mánuði, en sú fjárhæð hækkar í tæp 152.000 kr. á næsta ári m.v. forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Breytingar á skattaumhverfinu á undanförunum árum hafa ekki verið til hagsbóta fyrir örorkulífeyrisþega og annað lágtekjufólk. Skattbyrði þessa hóps hefur aukist mjög mikið. Ein af meginástæðum aukinnar skattbyrði, einkum lágtekjufólks, er að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launþróun. Persónuafsláttur hefur mest áhrif á þá tekjulægstu

þar sem um fasta upphæð er að ræða. Því yrði veruleg hækkun hans mikil kjarabót fyrir lágtekjufólk. Boðuð 1% hækkun breytir hér engu. Persónuafsláttur árið 2018 er 53.895 kr. og er ætlunin að hækka hann í 56.051 kr. Ef hann hefði fylgt launavísitölu, sem var tekin upp árið 1989, væri hann 112.904 kr. á mánuði vegna ársins 2018 og skattleysismörk 305.650 kr. á mánuði.

Lögð er áhersla á að hækkun persónuafsláttar nýtist lágtekjufólki mun betur en lækkun skattþrósentu í lægra skattþrepi. Slík aðgerð ekki aðeins viðheldur ójöfnuði, heldur eykur hann. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið til að bæta kjör hinna lægst launuðu, eykur jöfnuð og flækir ekki skattkerfið.

„Lágmarkslaun og óskertur lífeyrir TR voru skattfrjáls frá 1988 til 1996. Síðan þá hefur vaxandi hluti lágmarkslauna verið skattlagður, frá 6% 1997 og upp í 37% árið 2008. Þá minnkaði skattaði hlutinn í tvö ár en tók svo aftur að stækka. Nú er meira en helmingur lágmarkslauna skattlagður að fullu (51%).“¹ Sama á við um óskertan lífeyri almannatrygginga.

Tillögur um breytingar

Tekjur einstaklinga undir 300.000 kr. á mánuði verði undanþegnar skattgreiðslum.

Breyting á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 með síðari breytingum:


Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á **launavísitölu** við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils.

Áskilnaður

ÖBÍ áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið á síðari stigum. Einnig eru fulltrúar ÖBÍ reiðubúnir til að funda um efni frumvarpsins.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ

¹ https://kjarninn.is/skodun/2018-10-12-stora-skattatilfaerslan/?utm_content=buffer21347&utm_medium=social&utm_source=facebook.com&utm_campaign=buffer